

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 — 1985

23. september 1985

313

Nr. 91

BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um að Alþingi skuli koma saman til fundar
fimmtudaginn 10. október 1985.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseta Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Vér höfum ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1985.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 23. september 1985.

Steingrímur Hermannsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Magnús Þ. Torfason.

Steingrímur Hermannsson.

17. september 1985

Nr. 92

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 13. september 1985 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

XIV. kafli, 100.—105. gr. orðist svo:

XIV. KAFLI

Verkfræðideild

100. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Fundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði.